



VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS HF
Löggilt kauphöll

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 126/1800
komudagur S.Y. 2001

Reykjavík, 05.04.2001
Tilv. 111
FS/fs

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 16. mars 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum (522. mál, breyting ýmissa laga).

Verðbréfaþing Íslands leggur áherslu á að reglur um íslenskt efnahags- og viðskiptalíf, þ.m.t. um innlendan fjármagnsmarkað, byggist á frjálslyndum sjónarmiðum og taki mið af því besta sem þekkist meðal vestrænna þjóða. Á síðustu árum hefur mikið áunnist á þessu sviði. Ýmiss konar höft hafa verið afnumin. Þá hefur ríkissjóður markvisst dregið sig út úr starfsemi sem einkaaðilar sinna. Að mati þingsins hefur þessi stefna átt drjúgan þátt í öflugu hagvaxtarskeiði undanfarinna ár. Þessi stefna hefur einnig átt þátt í að efla hlutabréfamarkað hér á landi en virkur hlutabréfamarkaður gegnir lykilhlutverki í þróun atvinnulífsins. Í frumvarpinu sem hér um ræðir eru lagðar ákveðnar hömlur á viðskipti með eignarhluti í fjármálafyrirtækjum. Er gert ráð fyrir að sækja þurfi um leyfi Fjármálaeftirlitsins fyrir aukningu á eignarhlut umfram tiltekin mörk. Að mati þingsins eru reglur af þessu tagi óheppilegar. Með þeim er gengið lengra en skylt er samkvæmt lágmarksskilyrðum ESB/EES. Reglur af þessu tagi eru til þess fallnar að draga úr viðskiptum með hlutabréf í fjármálafyrirtækjum og ekki í samræmi við þá þróun í frjálsræðisátt sem ríkt hefur hér á landi á síðustu árum. Þá má benda á að í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra markaða, er kveðið á um skyldu skráðra félaga til að upplýsa um breytingar á eignarhaldi verulegs eignarhluta upp fyrir og niður fyrir tiltekin mörk. Þá gilda einnig ákvæði laganna um yfirtökutilboð. Að mati þingsins tryggja þessi ákvæði gagnsæi í eignarhaldi félaga, ákveðna vernd fyrir minnihlutann og þar með aðhald markaðarins að samþjöppun eignarhluta.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
framkvæmdastjóri